



Myndbönd um fordóma, staðalmyndir og hatursorðræðu

Unglingar velta fyrir sér hatursorðræðu. Hvað er hatursorðræða, hvers vegna dreifir fólk hatursfullum skilaboðum og hvaða áhrif hefur það á okkur?

https://s3.amazonaws.com/video.commonsemmedia.org/education/10_5_HateSpeech_FINAL_SITE_FIX.mp4

Ungur maður segir frá reynslu sinni af því að hefja herferð gegn vopnalöggjöfni í Bandaríkjunum eftir að skotárás átti sér stað í skólanum hans. Margir mótmæltu þessu, honum fóru fljótlega að berast hótanir og hatursfull skilaboð voru skrifuð um hann á netinu. Þegar að hann talaði við þessa mótmælendur breyttist viðhorf þeirra. Myndbandið sýnir hvernig samskipti milli ólíkra hópa auka skilning okkar á sjónarmiðum annarra.

<https://www.commonsense.org/education/videos/civil-discourse-online>

Er netið að gera okkur andstyggilegri? Fjallað um áhrif þess að geta tjáð sig í gegnum netið og ábyrgðina sem því fylgir.

<https://www.commonsense.org/education/videos/is-the-internet-making-you-meaner>

Sagan sýnir okkur hversu alvarlegar afleiðingar hatursorðræða getur haft. Sameinuðu þjóðirnar hafa bent á að hatursorðræða er ekki aðeins til þess fallin að jaðarsetja ákveðna hópa, heldur getur hún verið byrjunin á skipulögðu ofbeldi í garð ákveðins hóps og jafnvel verið undanfari þjóðarmorðs. Helförin hófst ekki í gasklefunum, heldur með hatursorðræðu í garð minnihlutahóps.

Hér er talar ráðgjafi sameinuðu þjóðanna um mikilvægi þess að almenningur skilji hversu alvarlegar afleiðingar hatursorðræða getur haft í sinni alvarlegustu mynd. Adolf Hitler setti á fót sérstakt ráðuneyti til að dreifa sínum boðskap um gyðingahatur. Þetta hefur átt sér stað víðar, árásir gegn Róhingjum í Minjamar er kannski nýjasta dæmið, morðin í Rúanda sem beindust gegn Tutsi þjóðflokknum og í Bosníu- og Hersagóníu þar sem Bosníumenn voru fórnarlömbin. Það eru mörg fleiri dæmi til.

<https://www.youtube.com/watch?v=YxGBuBA5qfc&t=324s>

Ekkert barn fæðist fordómafullt. Í þessu myndandi er farið yfir það hvernig umhverfið okkar getur mótað okkur og við lærum að það séu til „við“ og „þau“. Við getum spornað við þessari



síðast uppfært dags. 10.7.2024

Þróun með því að fræða og auka samtalið milli ólíkra hópa. Sjóndeildarhringurinn okkar verður mun víðari ef að við opnum fyrir samtalið við fólk sem er ólíkt okkur.

https://www.youtube.com/watch?v=2Xvx_ZTWNd8&t=7s

Fjallað um öráreitni.

[How microaggressions are like mosquito bites • Same Difference - YouTube](#)



Reykjavík